

**I. EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

|              |  |    |
|--------------|--|----|
| 95/EES/21/01 | Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 18/95/COL frá 17. mars 1995 um fyrstu breytingu á starfsreglum eftirlitsstofnunar EFTA.....   | 01 |
| 95/EES/21/02 | Tilmæli eftirlitsstofnunar EFTA frá 17. mars 1995 um samræmda eftirlitsáætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1995.....   | 02 |
| 95/EES/21/03 | Tilmæli eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. apríl 1995 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 1995 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum..... | 04 |
| 95/EES/21/04 | Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum.....   | 06 |
|              | <b>3. EFTA-dómstóllinn</b>   |    |
| 95/EES/21/05 | Beiðni um ráðgefandi álit frá Varbergs Tingsrátt samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 2. mars 1995 í máli Samuelsson gegn Konungsríkinu Svíþjóð (Mál E-1/95).....   | 07 |

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

|              |  |    |
|--------------|--|----|
| 95/EES/21/06 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.592 - RWE-DEA/Enichem Augusta)..... | 08 |
|--------------|--|----|

|                       |  |    |
|-----------------------|--|----|
| 95/EES/21/07          | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram<br>(Mál nr. IV/M.600 - Employers Reinsurance Corporation/Frankona<br>Rückversicherungs AG).....   | 08 |
| 95/EES/21/08          | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram<br>(Mál nr. IV/M.601 - Employers Reinsurance Corporation/Aachener<br>Rückversicherungs-Gesellschaft AG).....  | 09 |
| 95/EES/21/09          | Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni<br>(Mál nr. IV/35.522 - Michelin/Continental).....  | 10 |
| 95/EES/21/10          | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu<br>(Mál nr. IV/M.495 - Behringwerke AG/Armour Pharmaceutical Co.).....  | 11 |
| 95/EES/21/11          | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu<br>(Mál nr. IV/M.520 - Direct Line/Bankinter).....  | 11 |
| 95/EES/21/12          | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 1995 um að setja samræmd viðmið vegna<br>veitingar á undanþágum til ákveðinna starfsstöðva sem framleiða mjólkurvörur.....   | 11 |
| 95/EES/21/13          | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. maí 1995 um að setja viðbótarábyrgðir að því<br>er varðar salmónellu fyrir sendingar til Finnlands og Svíþjóðar á ákveðnum tegundum<br>eggja sem ætluð eru til neyslu..... | 12 |
| 95/EES/21/14          | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1995 um ákveðnar verndarráðstafanir<br>vegna hófdýra frá Ástralíu.....  | 12 |
| 95/EES/21/15          | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um breytingu á ákvörðun<br>framkvæmdastjórnarinnar 94/200/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og<br>fiskeldisafurðum frá Ekvador.....              | 12 |
| 95/EES/21/16          | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um breytingu á ákvörðun<br>framkvæmdastjórnarinnar 94/325/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og<br>fiskeldisafurðum frá Taílandi.....             | 12 |
| 95/EES/21/17          | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins<br>87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu.....  | 12 |
| 95/EES/21/18          | Orðsending samkvæmt 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 19/65 frá 2. mars 1965 um<br>beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga og samstilltra aðgerða.....                                    | 13 |
| 95/EES/21/19          | Ríkisaðstoð - C 26/95 - Frakkland.....   | 13 |
| 95/EES/21/20          | Skra yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu<br>22. 5. til 26. 5. 1995.....   | 13 |
| 95/EES/21/21          | Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....   | 14 |
| <b>3. Dómstóllinn</b> |  |    |
| 95/EES/21/22          | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....  | 15 |
| 95/EES/21/23          | Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....  | 16 |

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**  
**nr. 18/95/COL**  
**frá 17. mars 1995 um fyrstu breytingu á starfsreglum**  
**eftirlitsstofnunar EFTA**

**95/EES/21/01**

### EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn), einkum 13. gr.,

með tilliti til að 1. janúar 1995 gerðust Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland og Konungsríkið Svíþjóð aðilar að Evrópusambandinu,

með tilliti til að tiltekna breytingar hafa þess vegna verið gerðar á samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og kveðið er á um í samningnum um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna,<sup>(1)</sup>

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, eins og hann var orðaður fyrir þessar breytingar, gildir þó áfram um tiltekna starfsemi eftirlitsstofnunarinnar meðan á aðlögunartímanum stendur, eins og kveðið er á um í samkomulaginu um bráðabirgðaráðstafanir fyrir tímabilið eftir aðild ákveðinna EFTA-ríkja að Evrópusambandinu,<sup>(2)</sup>

Samkvæmt 19. gr. samningsins um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna, ber eftirlitsstofnuninni að gera þær breytingar á starfsreglum sínum sem teljast nauðsynlegar samkvæmt þeim samningi.

### SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Í 8. og 13. gr. og í 4. mgr. 14. gr. í starfsreglum eftirlitsstofnunar EFTA<sup>(3)</sup> komi talan „tveir“ í stað tölunnar „þrjú“.
2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. mars 1995. Breytingarnar á starfsreglunum sem kveðið er á um í ákvörðuninni gilda ekki um starfsemi eftirlitsstofnunarinnar sem fram fer í samræmi við samkomulagið um bráðabirgðaráðstafanir fyrir tímabilið eftir aðild ákveðinna EFTA-ríkja að Evrópusambandinu.
3. Ákvörðun þessi, sem telst fullgild á ensku, skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-bandalagsins.

Gjört í Brussel 17. mars 1995

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Knut Almestad*

forseti.

<sup>(1)</sup> Gjört í Brussel 29. desember 1994.

<sup>(2)</sup> Gjört í Brussel 28. september 1994.

<sup>(3)</sup> Ákvörðun nr. 1/94/COL frá 7. janúar 1994. Stj. tíð. EB nr. L 113, 4. 5. 1994, bls. 19 og EES-viðbætur við Stj. tíð. EB nr. 6, 4. 5. 1994, bls. 1.

## TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

95/EES/21/02

## frá 17. mars 1995 um samræmda eftirlitsáætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1995

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 50. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit<sup>(1)</sup>), einkum 3. mgr. 14. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að framkvæmd Evrópska efnahagssvæðisins geti gengið snurðulaust fyrir sig er nauðsynlegt að kveða á um samræmdar áætlanir um matvælaeftirlit innan þess.

Samráð hefur verið haft við EFTA-ríkin innan fastanefndar EFTA um matvæli sem var eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar 17. nóvember 1994.

Slíkar áætlanir ættu ekki einungis að tryggja að farið sé að gildandi lögum, samkvæmt EES-samningnum, heldur einnig að gera kleift að hafa eftirlit með hvort matvæli séu neysluhaf.

Með því að hrinda innlendum áætlunum og samræmdum áætlunum samtíma í framkvæmd má öðlast reynslu sem enn skortir tilfinnanlega.

## SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. Mælt er til að árið 1995 taki EFTA-ríkin sýni af eftirtöldum vörum og greini tilgreindar breytur:

- 1) Íblöndun leysanlegs kaffis með öðru efni en úr baunum;
- 2) listeria monocytogenes, escherichia coli og aeromonas í kældu salati og tilreiddu hráu grænmeti;
- 3) grasfræðilegar og landfræðilegar upplýsingar varðandi hunang, bæði hunang sem framleitt er innan EES og innflutt hunang frá þriðju löndum;

4) hitastig hraðfrystra matvæla sem seld eru í smásölu.

2. EFTA-ríkin mæla með samræmdri eftirlitsáætlun sbr. 3. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 89/397/EBE. Samráð hefur verið haft við EFTA-ríkin um innihald hennar og miða þau viðfangsefni sem hafa verið valin að því að vernda almannaheilbrigði og hagsmuni neytenda sem og að stuðla að heiðarlegum viðskiptum.

3. Þar sem nauðsyn krefur er lögð til greiningaraðferð fyrir hvert viðfangsefni. Hvað varðar sýnatöku hefur enginn samræmdur fjöldi verið ákveðinn. Fjöldi sýna skal vera nægjanlegur til að unnt sé að fá yfirlit yfir markaðinn fyrir viðkomandi matvæli í hverju EFTA-ríki.

4. Fjölda sýna og greiningaraðferðir sem eru notaðar ber að nefna eða þeim lýst í stuttu máli á þar til gerðum skýrslueyðublöðum.

## I. Íblöndun leysanlegs kaffis

Leysanlegt kaffi er stundum heimilt að blanda með öðru efni kaffiplöntunnar en baunum hennar, svo sem hismi, hýði, stönglum og stilkum eða maltodextríni. Þetta er ekki í samræmi við gerðina sem um getur í 14. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 77/436/EBE).

## II. Listeria monocytogenes, escherichia coli og aeromonas í kældu salati og tilreiddu hráu grænmeti

Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós listerosistilfelli sem tengjast neyslu á hráu grænmeti og í ýmsum vísindaritum hefur verið bent á að þessar vörur geti mengast af escherichia coli, listeria monocytogenes og aeromonas spp.

## III. Grasfræðilegar og landfræðilegar upplýsingar um hunang, bæði hunang sem framleitt er innan EES og innflutt hunang frá þriðju löndum

Nýlega hefur samkeppni færst mjög í vöxt á hunangsmarkaðinum innan Evrópska efnahagssvæðisins og kannanir benda til þess að rangar upplýsingar eru veittar um grasfræðilegan uppruna vörunnar svo og svæðið sem hún kemur frá.

(<sup>1</sup>) Stjótt. EB nr. L 186, 30. 6. 1989, bls. 23.

IV. Hitastig hraðfrystra matvæla sem seld eru í smásölu

Með hliðsjón af tengslunum milli endingar viðkvæmra matvæla og geymsluhita þeirra er rétt að hafa eftirlit

með hitastigi hraðfrystra matvæla, einkum ef meðhöndlun þeirra krefst nákvæmra vinnubragða.

Gjört í Brussel 17. mars 1995

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

***Knut Almestad***

forseti

## TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

95/EES/21/03

frá 19. apríl 1995

**um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 1995 til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 54. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 90/642/EBE<sup>(1)</sup>) frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun 90/642/EBE var breytt með tilskipun 93/58/EBE<sup>(2)</sup> þar sem fyrsta skráin yfir hámarksmagn varnarefnaleifa er tekin saman, sbr. 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/642/EBE, og skulu EFTA-ríkin hafa komið henni í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 1994. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE er þess krafist að aðildarríkin geri framtíðaráætlanir um hvernig og hve oft skuli viðhafa eftirlit til að tryggja að farið sé að skránni um hámarksmagn varnarefnaleifa. Kröfuákvæði 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE um að EFTA-ríkin sendi eftirlitsstofnun EFTA, eigi síðar en 1. ágúst ár hvert, nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd eftirlitsáætlana þeirra árið áður öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. ágúst 1995.

Því skortir eftirlitsstofnun EFTA fullnægjandi upplýsingar um eftirlitsáætlanir EFTA-ríkjanna, bæði þar sem lokið hefur verið við svo og fyrirhugaðar áætlanir. Til að tryggja að lögboðið hámarksmagn varnarefnaleifa sé virt og til að stuðla að framgangi og snurðlausri starfsemi hins innri markaðar er hins vegar nauðsynlegt að gera grundvallarráðstafanir til að samræma eftirlit með varnarefnaleifum sem EFTA-ríkin framkvæma árið 1995. Með hliðsjón af samningu samræmdra tilmæla síðar væri það einnig hagkvæmt að tilkynna eftirlitsstofnun EFTA fyrirfram um framtíðaráætlanir EFTA-ríkjanna um eftirlit með hámarksmagni varnarefnaleifa sem kveðið er á um í tilskipun 93/58/EBE.

Eftirlit og sýnataka af hálfu EFTA-ríkjanna til að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksmagn varnarefnaleyfa, sbr. skrána sem um getur í 1. mg. 1. gr. tilskipunar 90/642/EBE, skal fara

fram í samræmi við kröfur gerðarinnar sem um getur í 20. lið XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 79/700/EBE<sup>(3)</sup>) um sýnatökuaðferðir innan bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á ávöxtum og matjurtum), gerðarinnar sem um getur í 37. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 85/591/EBE<sup>(4)</sup>) um að koma á bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu vegna matvælaeftirlits) og gerðanna sem um getur í liðum 50 og 54n í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun 89/397/EBE<sup>(5)</sup>) og 93/99/EBE<sup>(6)</sup>) um opinbert matvælaeftirlit.

Samráð hefur verið haft við EFTA-ríkin innan fastanefndar EFTA um matvæli sem var eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar þann 19. desember 1994.

## SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Mælst er til þess að EFTA-ríkin:

1. sem forgangsviðmið, hafi eftirlit með vörum úr merkjanlegum hluta vöruflokka sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/642/EBE,
2. sem forgangsviðmið, taki reglulega lágmarksfjölda sýna sem endurspeglar framleiðslu, neyslu og innflutning hvorrar vöru inn á Evrópska efnahagssvæðið árið 1995 eða á markaðstíma vörunnar, og skrái um leið uppruna og sölu- eða markaðsstig hennar,
3. sem forgangsviðmið, greini leifar eins margra varnarefna sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE og unnt er, með hliðsjón af greiningaraðferðum sem eru notaðar,
4. við innleiðslu lögboðins hámarksmagns (MRL), ákvarði einnig efnamagn í hverju sýni, þar sem við á,
5. sendi eftirlitsstofnun EFTA eins fljótt og auðið er nákvæmar upplýsingar um innlendar eftirlitsáætlanir fyrir árið 1995 sem unnar eru í samræmi við 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE,
6. sendi eftirlitsstofnun EFTA fyrir 1. júlí 1995, ef unnt er, eða í síðasta lagi fyrir 1. ágúst 1995, allar nauðsynlegar

(<sup>1</sup>) Stjtuð. EB nr. L 350, 14. 12. 1990, bls. 71.

(<sup>2</sup>) Stjtuð. EB nr. L 211, 23. 8. 1993, bls. 6.

(<sup>3</sup>) Stjtuð. EB nr. L 207, 15. 8. 1979, bls. 26.

(<sup>4</sup>) Stjtuð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 50.

(<sup>5</sup>) Stjtuð. EB nr. L 86, 30. 6. 1989, bls. 23.

(<sup>6</sup>) Stjtuð. EB nr. L 290, 24. 11. 1993, bls. 14.

upplýsingar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/  
EBE, einkum skýrslur um niðurstöður eftirlits sem fram  
fór árið 1994 og noti þar til gerð skýrslueyðublöð og,

7. sendi eftirlitsstofnun EFTA fyrir 1. september 1995  
áformaða innlenda eftirlitsáætlun fyrir árið 1996.

Gjört í Brussel 19. apríl 1995

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Knut Almestad*

forseti

**Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða 95/EES/21/04  
afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr.  
2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum<sup>(1)</sup>**

NOREGUR:

**Afturköllun flugrekstrarleyfis**

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

| Heiti flugfélags              | Póstfang flugfélags                 | Ákvörðun í gildi frá |
|-------------------------------|-------------------------------------|----------------------|
| Vikingfly<br>Sigurd Henriksen | Postboks 39<br>5069 Bergen Lufthavn | 21. 4. 1995          |

<sup>(1)</sup> Stjórn. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.



## EFTA-DÓMSTÓLLINN

### **Beiðni um ráðgefandi álit frá Varbergs Tingsrátt samkvæmt 95/EES/21/05 úrskurði þess dómstóls frá 2. mars 1995 í máli Samuelsson gegn Konungsríkinu Svíþjóð**

(Mál E-1/95)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði frá 2. mars 1995 frá Varbergs Tingsrátt (héraðsdómur í Varberg), sem barst skrifstofu dómstólsins þann 6. mars 1995, um ráðgefandi álit í máli Ulf Samuelsson gegn Konungsríkinu Svíþjóð, að því er varðar eftirfarandi spurningu:

Ber að túlka a-lið 10. gr. tilskipunar ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota, sem svo að a-liður 9. þáttar sænsku kauptryggingarlaganna, þar sem kveðið er á um að starfsmaður eigi ekki rétt á greiðslubótum hafi hann á næstliðnum tveimur árum fyrir gjaldþrotaúrskurð þegið bætur í gegnum tryggingar vegna kröfu sem gerð var í svo til sömu starfsemi, með hliðsjón af almennu gildissviði hans, sé augljóslega víðtækari en rétturinn til undanþágu sem heimilaður er samkvæmt a-lið 10. gr. tilskipunarinnar?

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.592 - RWE-DEA/Enichem Augusta)

95/EES/21/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem þýska fyrirtækið RWE-DEA Aktiengesellschaft für Mineralöl und Chemie (undir yfirráðum RWE AG) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Enichem-Augusta með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - RWE-DEA: leit og framleiðsla á olfu og jarðgasi, dreifing, umbreyting og framleiðsla á jarðolíum, framleiðsla á efnum úr jarðolíu og- gasi svo og kemískum efnum,
  - Enichem-Augusta: framleiðsla á efnisþáttum og hálfunnum efnum fyrir hreinsiefnaiðnaðinn.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 134, 1. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.592 - RWE-DEA/Enichem Augusta, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.600 - Employers Reinsurance Corporation/Frankona Rückversicherungs AG)

95/EES/21/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Employers Reinsurance Corporation, fyrirtæki í Bandaríkjunum sem er óbeint dótturfyrirtæki General Electric Company, tekur yfir meirihluta hlutabréfa í Frankona Rückversicherungs AG, sem er þýskt fyrirtæki, af Gerling váttrygginga-samstæðunni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Employers Reinsurance Corporation: endurtryggingar,
  - Frankona Rück: endurtryggingar.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 141, 7. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.600 - Employers Reinsurance Corporation/Frankona Rückversicherungs AG, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram 95/EES/21/08  
(Mál nr. IV/M.601 - Employers Reinsurance Corporation/Aachener  
Rückversicherungs-Gesellschaft AG)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Employers Reinsurance Corporation, fyrirtæki í Bandaríkjunum sem er óbeint dótturfyrirtæki General Electric Company, tekur yfir endurtryggingastarfsemi á sviði einstaklingstrygginga af Aachener Rückversicherungs-Gesellschaft AG, sem er þýskt fyrirtæki endanlega í eigu Aachener und Münchener Beteiligungs AG.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Employers Reinsurance Corporation: endurtryggingar,
  - Aachener Rück: endurtryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 141, 7. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.601 - Employers Reinsurance Corporation/Aachener Rückversicherungs-Gesellschaft AG, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/35.522 - Michelin/Continental)****95/EES/21/09**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 4. 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup>, um samning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem gerður var 13. apríl 1995 milli Compagnie Financière Michelin („Michelin“) og Continental AG („Continental“). Samningurinn felur í sér myndun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni þar sem báðir aðilar munu eiga jafnstóran hlut. Michelin mun veita fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið rétt á vörumerkinu Uniroyal í Evrópu. Continental mun aftur á móti, meðal annars, veita fyrirtækinu um sameiginlegt verkefni raunveruleg ráðandi yfirráð í einni af framleiðsluverksmiðju sinni fyrir ódýra hjólbarða. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun veita Continental leyfi til ótakmarkaðs tíma til að nota vörumerkið Uniroyal í Evrópu.

Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun fjármagna og stýra sérstökum samvinnuverkefnum.

Fyrirhuguð verkefni samkvæmt samningnum um fyrirtækið um sameiginlega verkefnið eru sem hér segir:

- i) samvinna með sólaða hjólbarða og söfnun og endurvinnsla notaðra hjólbarða,
- ii) sameiginleg stofnun dreifðra verslana sem annast fyrst og fremst uppsetningu á hjólum/hjólborðum fyrir bílaframleiðslustöðvar,
- iii) sameiginleg gerð nýs framleiðsluleyfis,
- iv) samvinna um vörustjórnun (vöruhús, flutningar og vörudreifing), og
- v) sameiginleg innkaup.

Samningurinn um fyrirtækið um sameiginlega verkefnið er gerður til tuttugu ára.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 136, 3. 6. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/D-1/35.522, og er heimilisfangið:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate D  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu** **95/EES/21/10**  
**(Mál nr. IV/M.495 - Behringwerke AG/Armour Pharmaceutical Co.)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 4. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu** **95/EES/21/11**  
**(Mál nr. IV/M.520 - Direct Line/Bankinter)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. 1. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 1995 um að** **95/EES/21/12**  
**setja samræmd viðmið vegna veitingar á undanþágum til ákveðinna**  
**starfsstöðva sem framleiða mjólkurvörur**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 1995 um að setja samræmd viðmið vegna veitingar á undanþágum til ákveðinna starfsstöðva sem framleiða mjólkurvörur í Stjtið. EB nr. L 108, 13. 5. 1995. Samræmdu viðmiðin, sem kveðið er á um 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 92/46/EBE, vegna veitingar á undanþágum frá 2. mgr. A-hluta 7. gr. og 2. mgr. 14. gr. tilskipunar ráðsins 92/46/EBE til ákveðinna starfsstöðva sem framleiða mjólkurvörur eru sett fram í viðauka A við ákvörðunina. Þessar undanþágur skulu aðeins veittar hafi það ekki áhrif á hreinlætisaðstæður við framleiðsluna. Samræmdu viðmiðin, sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 92/46/EBE, vegna veitingar á undanþágum frá I. og V. kafla viðauka B við tilskipun ráðsins 92/46/EBE til ákveðinna starfsstöðva sem framleiða mjólkurvörur eru sett fram í viðauka B við ákvörðunina. Þessar undanþágur skulu aðeins veittar hafi það hafi ekki áhrif á hreinlætisaðstæður við framleiðsluna (sjá nánari útlíun í framannefndum Stjtið. EB).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. maí 1995 um 95/EES/21/13  
að setja viðbótarábyrgðir að því er varðar salmónellu fyrir  
sendingar til Finnlands og Svíþjóðar á ákveðnum tegundum eggja  
sem ætluð eru til neyslu**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. maí 1995 um að setja viðbótarábyrgðir að því er varðar salmónellu fyrir sendingar til Finnlands og Svíþjóðar á ákveðnum tegundum eggja sem ætluð eru til neyslu í Stjtið. EB nr. L 109, 16. 5. 1995. Hvað þessa ákvörðun varðar gilda skilgreiningarnar í reglugerðum (EBE) nr. 1907/90 og 1274/91 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1995 um 95/EES/21/14  
ákveðnar verndarráðstafanir vegna hófdýra frá Ástralíu**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. maí 1995 um ákveðnar verndarráðstafanir vegna hófdýra frá Ástralíu í Stjtið. EB nr. L 107, 12. 5. 1995. Samkvæmt ákvörðuninni er krafist viðbótarvottorðs, undirritað af þar til bæru yfirdýraheilbrigðiseftirliti í Ástralíu, vegna tímabundins innflutnings á skráðum hrossum og hófdýrum frá ríkinu Queensland (Ástralíu) (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um 95/EES/21/15  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/200/EB  
um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum  
frá Ekvador**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/200/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Ekvador í Stjtið. EB nr. L 117, 24. 5. 1995. Í stað viðauka B við ákvörðun 94/200/EB kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um 95/EES/21/16  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/325/EB um  
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum  
frá Taílandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/325/EB um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum frá Taílandi í Stjtið. EB nr. L 117, 24. 5. 1995. Í stað viðauka B við ákvörðun 94/325/EB kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 1995 um 95/EES/21/17  
breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur  
um mat á aukefnum í dýrafæðu**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/153/EBE um að setja viðmiðunarreglur um mat á aukefnum í dýrafæðu í Stjtið. EB nr. L 106, 11. 5. 1995. Viðaukanum við tilskipun 87/153/EBE er breytt eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa tilskipun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Orðsending samkvæmt 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) 95/EES/21/18  
nr. 19/65 frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans  
gagnvart flokkum samninga og samstilltra aðgerða**

Framkvæmdastjórnin gefur öllum þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar varðandi drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa (reglugerðin í heild birtist í Stjtið. EB nr. C 141, 7. 6. 1995) eigi síðar en 10. júlí 1995, til:

Commission of the European Communities,  
Directorate-General for Competition (DG IV),  
Directorate for General Competition Policy and Coordination,  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Ríkisaðstoð  
C 26/95  
Frakkland**

95/EES/21/19

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar ráðstafanir franskra yfirvalda til aðstoðar bankanum Crédit Lyonnais, einkum varðandi fjármagnsaukningu, yfirtöku ríkisins á eignum sem fluttar voru til sérstakra dótturfyrirtækja og ráðstafanir vegna starfsemi þessara fyrirtækja sem skammstöfuð eru SPBI og CDR (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 121, 17. 5. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi 95/EES/21/20  
ráðinu á tímabilinu 22. 5. til 26. 5. 1995**

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði        | Skráningarnúmer                  | Titill   | Samþykkt af framkvæmda stjórninni þann | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðu jöldi |
|-------------|----------------------------------|--|--|-----------------------|----------------|
| COM(95) 198 | CB-CO-95-225-EN-C <sup>(1)</sup> | Tillaga að ákvörðun ráðsins um markmið og nákvæmar reglur um endurskipulagningu fiskiðnaðarins í Svíþjóð og Finnlandi á tímabilinu 1. janúar 1995 til 31. desember 1996 með það í huga að koma á varanlegu jafnvægi milli fiskveiðiauðlinda og nýtingar þeirra | 23.5.1995                              | 24.5.1995             | 4              |
| COM(95) 184 | CB-CO-95-208-EN-C                | Skýrsla um yfirlýsingu bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega og um bókunina um stefnu í félagsmálum sem fylgir sem viðauki við stofnsáttmála Evrópubandalagsins   | 24.5.1995                              | 24.5.1995             | 59             |
| COM(95) 192 | CB-CO-95-218-EN-C                | Skýrsla um beitingu aðildarríkjanna á tilskipun 92/3/KBE frá 3. febrúar 1992 um stjórnun og eftirlit með flutningi á geislavirkum úrgangi milli aðildarríkja og til og frá bandalaginu   | 24.5.1995                              | 24.5.1995             | 26             |

(<sup>1</sup>) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/21/21

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

| Tilvísun <sup>(1)</sup>       | Titill   | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup> |
|-------------------------------|--|---|
| <b>95-0100-A</b>              | Leiðbeiningar um eftirlit og skoðun á (styrktum) akkerisbúnaði   | 27.7.1995   |
| <b>95-0101-A</b>              | Leiðbeiningar um eftirlit og skoðun á vegarbrúm  | 27.7.1995   |
| <b>95-0102-A</b>              | Leiðbeiningar um eftirlit og skoðun á jarðgöngum   | 27.7.1995   |
| <b>95-0103-GR</b>             | Tæknileg reglugerð um gerðarviðurkenningu á fjarskiptabúnaði   |   |
| <b>95-0104-I</b>              | Skjalasafn C.N.D. Tækniforskriftir um notkun skaðlausra prófunaraðferða við framleiðslu og stjórnun þrýsti- og lyftibúnaðar: prófun með ísúnarvökva, segulbandsprófun, röntgenprófun, þannemaþrófun, hátíðniþrófun | 5.7.1995  |
| <b>95-0105-I</b>              | Skjalasafn VSR - Tækniforskriftir til framkvæmdar ráðherraúrskurði frá 21. nóvember 1972 um eftirlit með stöðugleika þrýstihylkja  | 5.7.1995  |
| <b>95-0106-F</b>              | SP-DGPT-ATAS-18, janúarútgáfa 1995: tækniforskriftir fyrir tæki sem eru markaðssett og eingöngu ætluð fyrir búnað radíóáhugamanna  | 3.7.1995  |
| <b>95-0107-F</b>              | Úrskurður um öryggi viðskiptavina hvað varðar stiga, tröppustiga og skemla   | 3.7.1995  |
| <b>95-0108-B</b>              | Tækniforskrift um viðurkenningu á búnaði sem á að tengja við sérstaka kapla galvanítenginga í belgíska símakerfinu (BE-SP-101, útgáfa frá 22.12. 1994)   | 11.7.1995   |
| <b>95-0109-B</b>              | Tækniforskrift um viðurkenningu á búnaði sem á að tengja við sérstakar galvanískar línur fyrir föst sambönd milli tveggja staða í belgíska símakerfinu (BE-SP-102, útgáfa frá 22.12. 1994)                         | 11.7.1995   |
| <sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> |  |   |

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.



# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>

**95/EES/21/22**

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 16. febrúar 1995 í sameinuðum málum C-29/94, C-30/94, C-31/94, C-32/94, C-33/94, C-34/94 og C-35/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Grande Instance de Charleville-Mézières (Frakklandi)): sakamál á hendur Jean-Louis Aubertin, Bernard Collignon, Guy Creusot, Isabelle Diblanc, Gilles Josse, Jacqueline Martin, Claudie Normand (hárgreiðslufólk - tilskipun ráðsins 82/489/EBE).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 23. febrúar 1995 í máli C-334/93 (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Düsseldorf): Bonapharma Arzneimittel GmbH gegn Hauptzollamt Krefeld (EBE - fríverslunarsamningur við Austurríki - hugtakið upprunavara - bókun nr. 3 - aðferðir varðandi samvinnu stjórnvalda - EUR. 1 vottorð).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 23. febrúar 1995 í máli C-349/93: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (ríkisaðstoð - ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem fyrirskipar endurgreiðslu aðstoðar - skilyrðum ekki fullnægt).

Dómur dómstólsins frá 23. febrúar 1995 í sameinuðum málum C-358/93 og C-416/93 (beiðni um forúrskurð frá Juzgado Central de lo Penal de la Audiencia Nacional): sakamál á hendur Aldo Bordessa og Vicente Marí Mellado, Concepción Barbero Maestre (tilskipun ráðsins 88/361/EBE - innlend heimild fyrir peningatilfærslu í formi bankaseðla).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 23. febrúar 1995 í sameinuðum málum C-54/94 og C-74/94 (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale, Macerata: sakamál á hendur Ulderico Cacchiarelli og Gino Stanghellini (tilskipanir ráðsins 76/895/EBE og 90/642/EBE um heimilað hámarks magn varnarefnaleifa í og á kartöflum).

Dómur dómstólsins frá 7. mars 1995 í máli C-68/93 (beiðni um forúrskurð frá the House of Lords): Fiona Shevill, Ixora Trading Inc., Chequepoint SARL, Chequepoint International Ltd gegn Presse Alliance SA (Brusselsamningurinn - 3. mgr. 5. gr. - staður þar sem skaðlegur viðburður átti sér stað - ærumeiðing í blaðagrein).

Mál C-25/95: Beiðni um forúrskurð frá Hessischer Verwaltungsgerichtshof samkvæmt fyrirætlun þess dómstóls frá 12. janúar 1995 í máli Siegfried Otte gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-29/95: Beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg te Antwerpen samkvæmt dómi þess dómstóls frá 31. janúar 1995 í máli 1) E. Pastoors og 2) Trans-Cap GmbH gegn belgíska ríkinu.

Mál C-31/95 P: Mál höfðað þann 9. febrúar 1995 af Sergio Del Plato gegn fyrirætlunum um frávísun sem gefin voru af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrstu deild) 7. desember 1994 í máli T-242/94 milli Sergio Del Plato og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-32/95 P: Máli áfrýjað þann 10. febrúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn dómi dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrstu deild) sem kveðinn var upp 6. desember 1994 í máli T-450/93 milli Lisrestal - Organização e Gestão de Restarurantes Colectivos Lda, GTI - Gabinete Técnico de Informática Lda, Lisnico - Serviço Marítimo Internacional Lda, Rebocalis - Rebocagem e Assistência Marítima Lda og Gaslimo - Sociedade de Desgasificação de Navios SA og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 87, 8. 4. 1995.

Mál C-39/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Police, La Rochelle samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 31. janúar 1995 í máli Ministère Public gegn Pierre Goupil.

Mál C-41/95: Mál höfðað þann 17. febrúar 1995 af ráði Evrópusambandsins gegn Evrópuþinginu.

Mál C-46/95: Mál höfðað þann 24. febrúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg .

Mál C-52/95: Mál höfðað þann 28. febrúar 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-115/94 tekið af málaskrá: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-146/94 tekið af málaskrá: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-203/94 tekið af málaskrá: Lýðveldið Frakkland gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

### Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup>

95/EES/21/23

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) frá 21. febrúar 1995 í máli T-29/92, Vereniging van Samenwerkende Prijsregelende Organisaties in de Bouwnijverheid og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - engar fyrirbyggjandi ráðstafanir - ákvarðanir samtaka fyrirtækja - flóknar reglur og reglugerðir - brot - áhrif á viðskipti milli aðildarríkja - undanþága - sektir).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. mars 1995 í máli T-34/93: Société Générale gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - ákvörðun þar sem krafist er upplýsinga samkvæmt 5. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 17 - rökstuðningur - réttur málsvarnaraðila).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 7. mars 1995 í sameinuðum málum T- 432/93, T-433/93 og T-434/93: Sociedade de Curtumes a Sul do Tejo, Lda og fleiri gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (Félagsmálasjóður Evrópu - ákvörðun um að lækka upphæð fjárhagsaðstoðar - beiðni um ógildingu - án tilvistar - dómhæfi - brot á undirstöðukröfu varðandi málsmeðferð).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) frá 21. febrúar 1995 í máli T-472/93: Campo Ebro Industrial SA og fleiri gegn ráði Evrópusambandsins (aðgerð til ógildingar - reglugerð - aðlögun sykurverðs á Spáni að sameiginlegu verði - engar bætur fyrir framleiðendur ísólglúkósa - dómhæfi - skaðabótakrafa - lagalegar ráðstafanir sem hafa í för með sér val á stefnu í efnahagsmálum).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. mars 1995 í máli T-493/93: Hansa-Fisch GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (fiskveiðar - samningur milli EBE og Marokkó - útgáfa á leyfum - aðildarlög Sánar og Portúgals - tiltölulegur stöðugleiki - lögmætar væntingar).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. janúar 1995 í máli T-524/93: Humphrey Hennessy og fleiri gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál tekið að hluta til af málaskrá).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. janúar 1995 í máli T-525/93: Patrick Nash og fleiri gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál tekið að hluta til af málaskrá).

<sup>(1)</sup> Sjá Stjttíð. EB nr. C 87, 8. 4. 1995.

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 13. janúar 1995 í máli T-538/93: Patrick Houlihan og fleiri gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (mál tekið að hluta til af málaskrá).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 6. febrúar 1995 í máli T-66/94: Auditel Srl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (íhlutun - trúnaður - reglur um málnotkun).

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi (önnur deild, aukinn fjöldi dómara) frá 1. febrúar 1995 í máli T-88/94: Société Commerciale des Potasses et de l'Azote og Entreprise Minière et Chimique gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (afsal á dómsvaldi).

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 16. febrúar 1995 í máli T-5/95 R: Amicale des Résidents du Square d'Auvergne gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-11/95: Mál höfðað þann 20. janúar 1995 af BP Chemicals Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-19/95: Mál höfðað þann 7. febrúar 1995 af S.A. Adia Intérim gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-172/94 tekið af málaskrá: Rima Industrial SA gegn ráði Evrópusambandsins.